

Alþingi
Erindi nr. P 135/2628
komudagur 9.5.2008



Akraneskaupstaður

Fjárlaganefnd Alþingis.
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík.

Á fundi bæjarráðs Akraness þann 6. maí s.l. var m.a. fjallað um bréf fjárlaganefndar Alþingis, dags. 25.4.2008, þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um brottfall heimildar til sölu á hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, 189. mál. Nefndin óskar eftir að svar berist eigi síðar en 15. maí 2008.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Bæjarráð leggst gegn frumvarpinu eins og það liggur fyrir. Bæjarráð gerir kröfu um að gengið verði til samninga við OR um eignarhlut ríkisins í HAB til að forða hættuástandi sem skapast við heitavatnsskort. Ljóst er ef ekki tekst að reisa nýja dælustöð við Fossártún, endurnýjun haldi áfram á aðveituæð eins og fyrirhugað er, og nýting á hvernum á Kleppjárnreykjum, þá skapast neyðarástand eins og gerist á s.l. vetri þegar íbúar og fyrirtæki á svæðinu urðu fyrir verulegum óþægindum vegna vatnsskorts.”

Vegna mikilvægis málsins er ofangreindri samþykkt hér með komið á framfæri, en áskilinn er réttur til að koma frekari athugasemdum eða ályktunum á framfæri við nefndina eftir bæjarstjórnarfund sem haldinn verður n.k. þriðjudag.

Virðingarfyllst,

Akranesi 8. maí 2008.

A large, stylized handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón P. Pálsson'.

Jón Pálmi Pálsson, bæjarstjóri.

Afrit sent:
Iðnaðarnefnd Alþingis.
Þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

JPP/bg
Skj.000.2/Ak. 45200